



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2007

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, 16. mál.

Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja styðja eindregið þá stefnu sem þingsályktunartillagan ásamt meðfylgjandi greinargerð felur í sér.

1. Tillaga í anda Samstarfsvettvangs um opinber innkaup

Fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, Ríkiskaup, Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins hafa gert með sér samning um Samstarfsvettvang um aðferðir við opinber innkaup sem styðja við rannsóknir, þróun og nýsköpun á Íslandi. Honum er ætlað að stuðla að því að opinber innkaup verði nýtt til að örva nýsköpun, rannsóknir og þróun.

Þessi þingsályktunartillaga styður við þau markmið sem samstarfsvettvangurinn vinnur að, en hvort tveggja miðar að því að auka hagkvæmni í rekstri ríkisins og um leið skapa tækifæri fyrir fyrirtæki að taka að sér ný verkefni til þróunar og útrásar.

2. Mikilvægt að afnema samkeppnisforskot ríkisrekstrar vegna virðisaukaskatts.

Eitt af því sem hingað til hefur haft óeðlileg áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart uppbyggingu verkefna innan opinberra stofnana er ákveðinn galli í virðisaukaskattkerfinu. Fyrirtæki verða að leggja virðisaukaskatt á vörur sínar og þjónustu. Í ákveðnum tilvikum fá opinberar stofnanir þann skatt (innskattinn) ekki endurgreiddan og það leiðir til þess að í stað þess að kaupa þjónustu frá einkafyrirtækjum er starfsemin byggð upp innan húss. Mikill vöxtur opinberra tölvudeilda er ein afleiðing þessa. Mörg þróunarverkefni og viðskiptatækifæri tapast þar sem opinberar stofnanir gera vinnu tölvudeilda sinna sjaldan eða aldrei að sölu- eða útflutningsvöru. Þrátt fyrir góðan vilja stjórnvalda til að lagfæra þennan galla, verður enn að skýra og einfalda reglur og fylgja þeim breytingum fast eftir.


3 Útvistun verkefna

Mikilvægt er að stjórnvöld útiþýsi eða bjóði út á sem flestum sviðum þróunar-, þjónustu- og rekstrarverkefni til fyrirtækja á almennum markaði og forðist þannig óskilvirka uppbyggingu innan eigin stofnana. Stjórnvöld og hátæknifyrirtæki þurfa að taka höndum saman um þróun lausna á fjölbreyttum sviðum sem tengjast starfsemi hins opinbera.


Tölvudeildir opinberra stofnana þarf að einkavæða og bjóða út starfsemi þeirra eða semja beint við einkafyrirtæki á markaðnum. Þannig geta stjórnvöld eftir til muna upplýsingatækniiðnaðinn á Íslandi, samfara því að hagræða verulega í opinberum rekstri. Bent er á að fyrirtæki í greininni hafi boðið stjórnvöldum að hagræða og reka tölvukerfi og búnað ýmissa stofnana fyrir 20% lægra verð en nú er. Þessi þingsályktunartillaga styður þetta sjónarmið.

Samtök iðnaðarins hvetja alla þingmenn hvar í flokki sem þeir standa að styðja þá stefnu og markmið sem felst í framangreindri þingsályktunartillögu.

SAMTÖK SPROTAFYRIRTÆKJA


Davíð Lúðvíksson
Forstöðumaður/ starfsgreinar, þjónusta og þróun

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steinnór Valdimarsson
Aðstoðarframkvæmdastjóri